

## Fundargerð

186. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn fimmtudaginn 15. sept. 2016 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

### Dagskrá:

**1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**

**2. Haustfundur heilbrigðisfulltrúa, undirbúningur.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá undirbúningi að árlegum haustfundi heilbrigðisfulltrúa þann 11. og 12. okt. n.k. í Reykjavík. Fyrri daginn er fyrirhugað að vinna sameiginlega í hópum að úrlausn ýmissa hagnýtra verkefna og seinni daginn verða niðurstöður verkefna kynntar og jafnframt fengnir fyrirlesarar til að fjalla um ýmiss málefni, úrskurði og dómafordæmi á starfssviði heilbrigðisfulltrúa. Þá verður við sama tækifæri haldinn aðalfundur SHÍ (Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi) og aðalfundur í FHU (Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa).

**3. Fjárhagsáætlun 2017.**

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2017 byggir eftir sem áður á reynslutölum yfirstandandi árs og forsendum Akureyrarbæjar og var lögð fram til afgreiðslu. Fyrirséð er að launaliður hækkar nokkuð milli ára í kjölfar kjarasamninga. Aðrir liðir breytast lítið. Heilbrigðisnefnd samþykkir fjárhagsáætlun vegna ársins 2017 og áætlunin verður til kynningar á aðalfundi Eyþings.

**4. Gámaþjónusta Norðurlands, viðmiðunarmörk í fráveituvatni.**

María Markúsdóttir kynnti erindi Gámaþjónustu Norðurlands um mismunandi viðmiðunarmörk í fráveituvatni í starfsleyfum fyrir spillefnamóttöku og gámaþjónustu í samtengdri starfsstöð Gámaþjónustu Norðurlands á Akureyri og vandkvæði fyrirtækisins vegna þessa. María skýrði málið og heilbrigðisnefnd tekur jákvætt í erindi Gámaþjónustu Norðurlands um leiðir til úrbóta og felur heilbrigðisfulltrúa að vinna að úrlausn málsins.

**5. Svar sveitarstjórnar Hörgársveitar vegna beiðni B. Jensen um leyfi fyrir brennslu á 200 tonnum af sláturúrgangi á ári.**

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti svar sveitarstjórnar Hörgársveitar; þar sem fram kemur að erindi B. Jensen er hafnað.

### Umsagnir:

**1. Tilnefning fulltrúa HNE í samstarfshóp um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Mývatn og Laxá.**

Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti erindið og skýrði jafnframt að Halldór Valdimarsson væri tilbúinn að vera fulltrúi HNE og var það samþykkt.

## 2. Skólphreinsistöð Fosshótels við Mývatn.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti tæknilega útfærslu á fyrirhuguðu skólphreinsivirki við nýja hótélbyggingu Fosshótels í Mývatnssveit og álit Umhverfisstofnunar á mannvirkinu. Heilbrigðisnefnd samþykkir fyrirhugaða úrlausn og felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja málinu eftir.

## 3. Samþykkt um fráveitu og rotþrær í Dalvíkurbyggð, drög.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti drög að samþykkt um fráveitur og rotþrær í Dalvíkurbyggð. Drögin hafa verið í vinnslu um nokkurt skeið og þar koma m.a. fram kröfur heilbrigðisnefndar um forhreinsun á iðnaðarskólpi. Heilbrigðisnefnd samþykkir drögin.

## 4. Malbikunarstöð Akureyrarbæjar, starfsleyfi.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti stöðu mála hvað varðar vinnslu Umhverfisstofnunar á starfsleyfi fyrir Malbikunarstöð Akureyrarbæjar.

## 5. Efnisnáma í landi Hvamms í Eyjafjarðarsveit, deiliskipulag.

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn vegna deiliskipulagsvinnu vegna fyrirhugaðrar efnisvinnslu í landi Hvamms í Eyjafjarðarsveit, þar sem m.a. er bent á mikilvægi hávaðavarna og aðgerða gegn svifryki. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á mikilvægi umhverfismats vegna nálægðar fyrirhugaðrar námu við útivistarhagsmuni í næsta nágrenni.

## 6. Deiliskipulag að Skáldalæk ytri í Dalvíkurbyggð, umsögn.

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti umsögn vegna deiliskipulagsvinnu vegna áforma um lóðir undir frístundahús í landi Skáldalækjar ytri í Dalvíkurbyggð; þar er m.a. bent á mikilvægi þess að gera grein fyrir vatnsöflun og fráveitu.

### Umsóknir um starfsleyfi:

1. Aðalheiður Kjartansdóttir, kt. 010661-4049, Staðarfelli, Þingeyjarsveit. Heimagisting. **Samþykkt.**
2. Gígja Sigurbjörnsdóttir, kt. 10640-4129, Álftagerði 3 660 Mývatn. Heimagisting. **Samþykkt.**
3. Breiðamýri Farm Guesthouse, kt. 310359-4329 gisting. **Samþykkt.**
4. Guðrún Ólafsdóttir, kt. 120567-3739, Laugafelli 650 Laugar. Heimagisting. **Samþykkt.**
5. Kristjana Kristjánsdóttir, kt. 070866-5289, Hvítafelli Þingeyjarsveit. Heimagisting. **Samþykkt.**
6. Þ.S verktafar, kt. 410200-3250 Miðási 8-10 700 Egilsstöðum starfsmannabúðir á vegi 862 nálægt Dettifossi. **Samþykkt.**
7. Hárstofan Alma kt. 100780-5269, Skútahrauni 17, 660 Mývatn. Hárgreiðslustofa. **Samþykkt.**
8. Eggert Gunnarsson kt. 150682-2909, heimagisting að Grenivöllum 22 (miðhæð), 600 Akureyri. **Samþykkt.**
9. Alto Invest ehf kt. 681207-2440, útleiga á íbúð Eyrarlandsvegi 33, 600 Akureyri. **Samþykkt.**

10. K.A.S. ehf kt. 471186-1129, endurnýjun á starfsleyfi fyrir Dalvík hostel-  
Þórshamar, Sognstúni 1, 620 Dalvík. **Samþykkt.**
11. Birgir Snorrason kt. 250658-4519, kaffihús í flokki II í Brynjólfshúsi,  
Austurvegi 12, 620 Hrísey. **Samþykkt.**
12. Wave Guesthouse ehf, kt. 480615-2390, gistiskáli að Austurvegi 9, 630  
Hrísey. **Samþykkt.**
13. Gísli, Eiríkur, Helgi ehf kt. 520713-1580, stækkun á kaffihúsi (á efri hæð).  
**Samþykkt.**
14. Kanokwan Srichaimun kt. 101070-2639, veisluþjónusta og veitingaverslun að  
Goðabraut 24, 620 Dalvík. **Samþykkt.**
15. Bifreiðaverkstæði Bjarna Sigurjóns kt. 600700-2780, réttinga- og  
sprautuverkstæði, Laufásgötu 5, endurnýjun á starfsleyfi. **Samþykkt.**

### Önnur mál:

Ákveðið að halda næsta fund í heilbrigðisnefnd miðvikudaginn 2. nóv. n.k.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.50.

---

Jón Ingi Cæsarsson

---

Alfreð Schiöth

---

Hjördís Stefánsdóttir

---

Þorkell Björnsson

---

Guðmundur Smári Heiðarsson

---

Þórey Agnarsdóttir

---

Steinþór Hreiðarsson

---

María Markúsdóttir

---

Hólmfríður G. Jónsdóttir

---

Kristín Halldórsdóttir